

Óski foreldrar eftir að barn þeirra fái lyf á skólatíma getur það komið í hlut starfsfólks í heilsuvernd skólabarna að gefa þau og þá er lyfjagjöfin skráð í Ískrá. Mikilvægt er að kynna sér [tilmæli landlæknis um lyfjagjafir í grunnskólum](#).

## Skrá fasta lyfjagjöf

Tvísmella í línu viðkomandi nemanda undir „Lyf“ í bekkjarskránni.

#	Nafn	Athugasemdir	Samskipti	Likamsmat L	Ónæmi	Viðtal	Hæðþyngd	LPS	Sjón	Bólus staða	Lyf	Ókt.	Y S
1	Alli Allason		1							Ókt.	0	1	
2	Alli Allason		2							Fulln.	0	2	
3	Alma Lárusdóttir		2	19.12.2023				0.0		Fulln.	0	2	

Glugginn ‚Lyfjagjafir‘ opnast, þar eru skráð þau lyf sem nemandi þarf að fá á **skólatíma**.

Lyf	Skammtur	KI	má	þr	mi	fi	fö	pn
Lyfjagjöf 1: Ritalín	10 mg	11:30	X	X	X	X	X	X
Lyfjagjöf 2:								
Lyfjagjöf 3:								
Lyfjagjöf 4:								
Lyfjagjöf 5:								

Til að skrá lyf er **tvísmellt í auðan dálkinn undir „Lyf“** og heiti lyfsins slegið inn. Farið er með ‚tab‘ hnappnum á lyklaborðinu í næsta kassa og skammtur lyfs skráður inn ásamt tíma.

Til þess að merkja við þá daga sem gefa á lyfið er **tvísmellt í reitina undir viðkomandi dag og kemur þá X í reitinn**. Að lokum er smellt á ‚Loka glugga‘.

*Ath. að Ískrá sér sjálf um að skrá lyfið í heilsufarskrá nemandans þá daga sem hakað er í. Þannig að þegar barn kemur að fá lyfið sitt þarf ekki að skrá það því X í reitnum gefur Ískrá til kynna að hún eigi að skrá það.*

Í Bekkjarskránni kemur X í línu nemandans undir ‚Lyf‘ sem gefur til kynna að skráð er lyfjagjöf á nemandann.

#	Nafn	Athugasemdir	Samskipti	Likamsmat L	Ónæmi	Viðtal	Hæðþyngd	LPS	Sjón	Bólus staða	Lyf	Ókt.	Y S
1	Alli Allason		1							Ókt.	X	0	1
2	Alli Allason		2							Fulln.	0	0	2
3	Alma Lárusdóttir		2	19.12.2023				0.0		Fulln.	0	0	2